

5. Áhrif veðurs

5.1 Snjóbræðsla


Snjóbræðsla er mikilvæg öllum vegfarendum en nauðsynleg þeim sem þurfa slétt og greiðfært undirlag til að komast ferða sinna. Stakt upphitað bílastæði er ekki nægilegt ef leiðin að nærliggjandi stöðum er að öðru leyti ófær.

Ljósmyndir **5.1.1** og **5.1.2** sýna dæmi um hindrun sem skapast við söfnun snjó eða íss á gangstéttum. Snjór og klaki bæði skerðir aðgengi og skapar hættu fyrir hreyfihamlað og blint fólk sem treystir á leiðarlínur

og kennileiti í umhverfinu. Stígurinn á ljósmynd **5.1.3** er upphitaður og því snjólaus þótt annarsstaðar sé snjór. Ljósmynd **5.1.4** sýnir greinilegan mun á upphitaðri gönguleið og göngusvæði án snjóbræðslu.



Ljósmynd 5.1.1 (Harpa Cilia)



Ljósmynd 5.1.3 (Harpa Cilia)



Ljósmynd 5.1.2 (Harpa Cilia)



Ljósmynd 5.1.4 (Harpa Cilia)

5.2 Snjómokstur

Við snjómokstur þarf að hafa í huga að hraukar sem verða til sitt hvoru megin við skófluför vinnuvéla geta verið hindrun fyrir fólk með hreyfihömlun sem og blint og sjónskert fólk.

Athuga þarf frágang moksturs á mótum göngustíga, því hraukar valda hindrun. Bílastæði hreyfihamlaðra mega ekki vera notuð sem safngeymslur fyrir

snjó. Hreinsa þarf snjó af bílastæðum merktum hreyfihömluðum sem og aðkomuleið frá stæði inn á gangstétt.

5.3 Vatnssöfnun

Vatnssöfnun við gönguleiðir getur valdið miklum óþægindum.

Til dæmis getur vatnið hulið kanta og djúpar holur sem hjólastólanotendur og sjónskert fólk getur ekki greint fyrir en of seint.

Eins er erfitt eða ómögulegt fyrir fólk með hreyfihömlun að forða sér frá þegar bílar keyra í pollana. Fyrir blint og mikið sjónskert fólk getur verið mjög óþægilegt að vaða allt í einu polla.



Ljósmynd 5.3.1 (Harpa Cilia)

Ljósmyndir 5.3.1 til 5.3.3 sýna dæmi um hindrun eða óþægindi sem skapast t.d. af vöntun niðurfalls eða röngum halla svæðis. Aðstæður sem þessar geta bæði skert aðgengi hjólastólanotenda sem og skapað hættu fyrir blint fólk sem treystir á leiðarlínur og kennileiti í umhverfinu.



Ljósmynd 5.3.2 (Harpa Cilia)



Ljósmynd 5.3.3 (Harpa Cilia)

14. Heimildir

Lög, reglugerðir og leiðbeiningar varðandi gönguleiðir og bílastæði:

Skipulagslög 123/2010: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>

Lög um mannvirki 160/2010: <http://www.althingi.is/lagas/146a/2010160.html>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum (sótt 10.02.2017): http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Mannvirkjastofnun/Log-og-reglugerdir/Byggingarreglugerd_iheild.pdf

Greinar byggingarreglugerðar sem varða gönguleiðir og bílastæði:

- Grein 6.2.2 Aðkomuleiðir og umferðasvæði innan lóðar.
- Grein 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingum.
- Grein 6.2.4 Bílastæði hreyfihamlaðra.
- Grein 6.4.11 Skábrautir og hæðarmunur.
- Grein 6.5.1 Handrið og handlistar.
- Grein 6.5.2 Frágangur handlista.
- Grein 6.6.1 Almennar kröfur (Skilti, leiðbeiningar, handföng o.fl. vegna algildrar hönnunar).
- Grein 6.11.7 Þjónustukjarnar (útisvæði).
- Grein 7.1.1 Markmið (útisvæði við mannvirki).
- Grein 7.1.2 Algild hönnun (útisvæði við mannvirki).
- Grein 7.1.3 Umferðarleiðir.
- Grein 7.1.6 Dvalar- og leiksvæði.

ISO 21542:2011

ISO 21542:2011, Annex A